

Inngangur:

Hluti af Green Globe 21 vottunarverkefninu sem sveitarfélögin fimm á Snæfellsnesi; Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær; standa að felst í því að sættast á sameiginlega stefnumótun í sjálfbærri ferðaþjónustu á Snæfellsnesi. Stýrihópur verkefnisins hefur unnið að meðfylgjandi tillögum og eru þær í samræmi við þá stefnu sem fram kemur í nýútkominni skýrslu frá Samgönguráðuneytinu og nefnist **Íslensk ferðaþjónusta, framtíðarsýn** og þær kröfur sem staðlar Green Globe 21 gera tilkall til.

Þessi sameiginlega stefnumótun sveitarfélaganna í sjálfbærri ferðaþjónustu tekur tillit til náttúru, umhverfis, efnahagslegra, menningarlegra og félagslegra þátta og gildir til ársins 2015. Stefnumótun í sjálfbærri ferðaþjónustu auðveldar sveitarfélagunum að vinna að umhverfisvernd, stýra uppbyggingu og tilhögun ferðaþjónustunnar og móta sér skýra stefnu í sölu- og markaðsmálum svæðisins.

Ýmsir þættir sem eru í þessari stefnumótun falla ekki beint undir stjórn sveitarfélaganna. Hins vegar skiptir miklu máli, að mati stýrihópsins, að sveitarfélögin hafi mótað sér stefnu hvað þá varðar og leiti síðan eftir samvinnu við viðkomandi stjórnvöld og/eða íbúa sveitarfélaganna til að fylgja henni eftir. Snæfellsnes hefur laf aðalskrifstofu Green Globe 21 í Canberra í Ástralíu/ verið valið sem sérstakt frumherjaverkefni á heimsvísu. Snæfellsnesi er ætlað að verða fyrirmynd að því hvernig önnur sveitarfélög á Íslandi og annars staðar á norðurhveli jarðar geta unnið að sjálfbærri þróun á sínum svæðum. Verkefnið er því afar mikilvægt og getur haft mikil áhrif á framtíðarþróun sveitarfélaganna.

Til eru tvær leiðir til að móta sér stefnu inn í framtíðina. Önnur er sú að leiðrétta nútíðina. Hin er að horfa lengra inn í framtíðina og sjá hvernig við viljum að hlutirnir verði, líta svo til baka og finna leiðir til að ná markmiðinu. Við stefnumótun í sjálfbærri ferðaþjónustu hefur verið unnið eftir síðarnefndu leiðinni. Stefnumótunin leggur síðan grunninn að framkvæmdaáætlun sem gert er ráð fyrir að sveitarfélögin og aðilar innan þeirra fylgi sameiginlega eftir.

Vottunarferli Green Globe 21 gerir ráð fyrir því að stefnumótun í sjálfbærri ferðaþjónustu á Snæfellsnesi verði fylgt eftir, þegar frumvinnu og undirbúningi að vottun lýkur. Ráðlagt er að núverandi fulltrúar sveitarfélaganna í stýrihópnum sjái um þá eftirfylgni, allir eða að hluta. Sveitarstjórnunum er í sjálfsvald sett hvort þær vilja fækka eða fjölga í hópnum. Í stefnumótuninni er lagt til að núverandi stýrihópi verði breytt í Ferðamála- og markaðsráð Snæfellsness. Ferðamála- og markaðsráð Snæfellsnes myndi þá starfa á svipuðum vettvangi og Ferðamálaráð Íslands, en hlutverk þess er að framfylgja opinberri stefnu Samgöngu- og ferðamálaráðuneytis í ferðamálum. Í tilviki Snæfellsness myndi Ferðamála- og markaðsráðið að fylgja eftir stefnumótun sveitarfélaganna í sjálfbærri ferðaþjónustu og vinna að markaðsmálum svæðisins.

Í stýrihópi verkefnisins eru:

Ástþór Jóhannsson, tengiliður sveitastjórnar
Hrafnhildur J. Jónasdóttir, tengiliður sveitarstjórnar
Ingi Hans Jónsson, fulltrúi í stýrihópi
Sigríður Finsen, fulltrúi í stýrihópi
Ingibjörg T. Pálsdóttir, fulltrúi í stýrihópi

Eyja- og Miklaholtshreppi
Grundarfjarðarbær
Grundarfjarðarbær
Grundarfjarðarbær
Grundarfjarðarbær

Hildibrandur Bjarnason, tengiliður sveitarstjórnar
Smári Björnsson, tengiliður sveitarstjórnar
Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi í stýrihópi
Pétur Jóhannsson, fulltrúi í stýrihópi
Menja von Schmalensee, tengiliður sveitarstjórnar
Dagný Þórisdóttir, fulltrúi í stýrihópi
Ragnheiður Valdimarsdóttir, fulltrúi í stýrihópi
Ásthildur Sturludóttir, fulltrúi í stýrihópi
Gretar Pálsson, fulltrúi RARIK í stýrihópi
Björn Jónsson, fulltrúi Vegagerðarinnar í stýrihópi
Elías Gíslason, fulltrúi Ferðamálaráðs í stýrihópi

Helgafellssveit
Snæfellsbær
Snæfellsbær
Snæfellsbær
Stykkishólmsbær
Stykkishólmsbær
Stykkishólmsbær
Stykkishólmsbær
Stykkishólmsbær
Snæfellsbær
Akureyri

Úr stefnumótuninni hefur verið samin yfirlýsing sem gefur í stuttu máli til kynna stefnuna í sjálfbærri ferðaþjónustu á Snæfellsnesi.

Stefnumótunin í heild sinni er hér með lögð fyrir stjórnir viðkomandi sveitarfélaga til umfjöllunar og samþykktar. Óski sveitastjórnirnar eftir nánari skýringum á einhverju er varðar stefnumótunina eru þær vinsamlegast beðnar að hafa samband við Guðlaug Bergmann verkefnisstjóra.

Snæfellsnesi, xxx 2003

Stefán Gíslason,
umhverfisstjórnunarfræðingur

Guðlaugur Bergmann,
verkefnisstjóri

Guðrún G. Bergmann
ferðamálafræðingur dipl. og tengiliður við Green Globe 21

Yfirlýsing

Snæfellsnes er í fararbroddi í umhverfisvænni ferðaþjónustu á Íslandi. Áhersla sveitarfélaganna á nesinu á sjálfbæra ferðaþjónustu er eitt mikilvægasta gæðatákn framtíðar í ferðamálum. Til að undirstrika þessa áherslu og viðhalda henni er Snæfellsnes vottað af alþjóðasamtökunum Green Globe 21.

Á Snæfellsnesi er sjálfbær þróun höfð að leiðarljósi við nýtingu náttúrunnar og við alla ákvarðanatöku varðandi efnahagslega, menningarlega og félagslega þætti.

Efnisyfirlit:

Inngangur	1
Yfirlýsing.....	3
1 Ímynd og sérstaða Snæfellsness	6
1.1. Heildarstefna Snæfellsness.....	8
1.2. Slagorð Snæfellsness	9
1.3. Efling ímyndar.....	9
2 Umhverfismál.....	10
2.1. Ferðapjónusta.....	10
2.2. Gjaldtaka	11
2.3. Orkunýting	11
2.4. Skipulagsmál.....	12
2.5. Sjálfbært samfélag	12
2.6. Þolmörk.....	14
3 Gæða- og öryggismál.....	15
3.1. Gæðastjórnun	15
3.2. Leyfisveitingar	16
3.3. Merkingar	16
3.4. Öryggismál.....	16
3.5. Kvartanir	17
4 Menntun í ferðapjónustu	18
4.1. Menntun.....	18
4.2. Menntun leiðsögumanna	20
4.3. Sagnamenntun á Snæfellsnesi.....	20
4.4. Upplýsingastreymi	20
4.5. Rannsóknir	21
5 Samgöngur	22
5.1. Aðgengi ferðamannastaða	22
5.2. Efnisnám	23
5.3. Fjarskipti.....	23
5.4. Gönguleiðir/reiðleiðir.....	24
5.5. Lög og reglur	24

5.6. Merkingar	25
5.7. Samgöngur	25
6 Byggðamál.....	27
6.1. Sameining sveitarfélaga	27
6.2. Gott búsetusvæði	27
6.3. Sjálfbærar atvinnugreinar	28
7 Skipulag ferðamála	29
7.1. Skipulag ferðamála á landsvísu	29
7.2. Skipulag ferðamála á Snæfellsnesi	29
7.3. Safnamál	30
8 Rekstrarumhverfi.....	31
8.1. Arðsemi	31
8.2. Fræðsla	32
8.3. Lánamál	32
8.4. Frumkvöðlar/nýsköpun	32
9 Markaðsmál	34
9.1. Markaðssetning Snæfellsness.....	34
9.2. Samvinna.....	35

1 Ímynd og sérstaða Snæfellsness:

Lykilatriði:

- Snæfellsnes í fararbroddi í sjálfbærri ferðaþjónustu og umhverfisstjórnun
- Snæfellsnes vottað af Green Globe 21
- Vönduð þjónusta, gistingastaða og afþreyingarmöguleikar?
- Skýr heildarímynd Snæfellsness
- Dulmögnuð náttúra og umhverfi á Snæfellsnesi



Ímynd Snæfellsness og aðalaðdráttarafl er Snæfellsjökull

Hinn dulmagnaða Snæfellsjökull ber við himinn hvort sem horft er til Snæfellsness frá landi eða sjó. Einn trónir þessi formfagri og stakstæði jökull á enda hins níutíu kílómetra langa fjallgarðs sem liggur eftir Snæfellsnesinu og rís þar hátt yfir önnur fjöll upp í 1442 metra hæð. Hvort sem hann er sveipaður ljóma sólarbirtunnar að degi til eða logagylltum geislum kvöldsólarinnar hefur Jökullinn seiðmögnuð áhrif á þann sem á hann horfir og ósjálfrátt á hann sér þá ósk heitasta að komast nær honum, skynja orkuna frá honum, umvefja sig dulmagni hans og kannski ná að komast á efsta tind hans. Snæfellsjökull beinlínis laðar fólk til sín.

Þegar ferðamaðurinn er svo kominn á Snæfellsnes er það ekki bara Jökullinn sem fangar hug hans því þar tekur á móti honum undraveröld ótal náttúrulegra fyrirbæra sem gera för hans um nesið að hreinu ævintýri. Eitt af einkennum Snæfellsness er hversu gott aðgengi er að náttúrunni þar. Víðast hvar er stutt milli fjalls og fjöru og upp frá sérstæðum og mismunandi litum sandfjörum rísa formfögur og hrikaleg fjöll með skýra jarðfræðilega sögu. Þrjár megineldstöðvar eru á Snæfellsnesi, en landmótunarsagan sést hvað skýrast við Setbergselfstöðina. Víða á nesinu er að finna ölkelduvatn bæði heitt og kalt og vestast á því ganga há og stórbrotin björg í sjó fram í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Hann er eini þjóðgarður landsins sem nær að sjó, og geymir minjar um langa og merkilega útgerðarsögu. Ótal hraunbreiður er að finna á Snæfellsnesi sem hafa runnið á mismunandi tímum og í þeim eru víða hellar. Eyjarnar á Breiðafirði eru eitt af undrum Íslands en þar og víða annars staðar er tilkomumikið fuglalíf yfir sumartímann. Og ekki má gleyma fjölbreyttu og *skrítnu* mannlífinu sem blómstrar árið um kring í sátt og samlyndi við álfa og önnur dulræn fyrirbæri.

Það sem aðgreinir Snæfellsnes einkum frá öðrum svæðum á landinu eru:

- Snæfellsjökull og dulmagnið sem umlykur hann
- Breiðafjarðareyjar, með Stykkishólm sem hlið að eyjunum
- Búsetusvæði hafarna við Breiðafjörð og á sunnanverðu Snæfellsnesi
- Eini staður við Ísland til að sjá steypireiði er úti af Snæfellsnesi
- Gerðuberg, eitt fjölsóttasta stuðlabergssvæði á landinu
- Hákarlasafn í Bjarnarhöfn
- Heitt ölkelduvatn á Lýsuhóli
- Hraunhellar í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli
- Jarðfræði Snæfellsness sem sýnir gífurlega fjölbreytni á litlu svæði
- Lóndrangar, gígtappar úr tveimur mismunandi bergtegundum
- Löngufjörur á sunnanverðu Snæfellsnesi
- Sjávarfallastraumar Breiðafjarðar

• Hraunstaupir Eldvegna.

Dýralíf er fjölbreytt, þó aðallega fuglalíf, og um Snæfellsnes fara ótal farfuglar á ári hverju á leið sinni til Grænlands. Á Snæfellsnesi er því ákjósanlegur staður fyrir fuglaskoðara, auk þess sem þar er að finna eitt af fáum búsetusvæðum hafarna á Íslandi. Hvalaskoðun hefur aukist á undanförunum árum og þess er að vænta að hún aukist enn í framtíðinni. Á nokkrum stöðum á Snæfellsnesi má nánast ganga að sel vísam á ákveðnum tímum árs og þykir mörgum það ekki síður spennandi en að sjá hvali. Gera mætti meira úr því að kynna refinn sem nú er verndaður innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Þær dýrategundir sem laða að sér flesta ferðamenn eru:

- 2 • Lundi, haförn og kría
- 3 • Aðrir fuglar, þar með taldir fargestir
- 5 • Refir
- 1 • Hvalir
- 4 • Selir

Ekki má svo gleyma því að bæði íslenska sauðkindin og hesturinn, okkar fyrrum þarfasti þjónn, vekja mikinn áhuga ferðamanna sem gjarnan vilja mynda þessi dýr og bregða sér á hestbak.

Segja má að sagan allt frá landnámi sé við hvert fótímal á Snæfellsnesi. Sögusvið frægra Íslendinga sagna er að finna um allt nesið, allt innan frá Skógarströnd og að Rífsósi yst á Snæfellsnesi, þaðan sem Eiríkur rauði lagði í ferð sína til Grænlands. Frá Grænlandi lögðu síðan íslenskir menn, ættaðir af Snæfellsnesi í för til Vínlands eða Ameríku eins og hún kallast í dag. Þar fæddi Guðríður Þorbjarnardóttir, frá Laugarbrekku á Hellnum, fyrsta barnið af evrópskum uppruna sem vitað er um að fæðst hafi í Ameríku. Af helstu ritum sem tengja Snæfellsnes við Íslendinga sögurnar má nefna:

- *Eyrbyggju*, eitt öndvegisrit íslenskra sagna en sögusvið hennar fer víða um Snæfellsnes.
- *Bárðar sögu Snæfellsáss* sem eykur á dulmagn Snæfellsjökuls.
- *Víglundarsögu* sem á sögusvið sitt þar sem nú eru Hellissandur og Ríf.
- *Grænlandinga sögu* og *Eiríks sögu rauða* en þar koma við sögu Eiríkur rauði og hans synir og Þorbjörn frá Laugarbrekku og dóttir hans, en börn þessara manna dvöldu bæði á Vínlandi, nú þekktu sem Ameríku.
- *Landnámu* sem skrifuð er af Ara fróða á Staðastað í Staðarsveit.

Aðrar bækur sem leitt hafa heimsathygli að Snæfellsnesi eru:

- *Journey to the Centre of the Earth*, fyrsta vísindaskáldsaga Jules Verne sem gefin var út árið 1864. Hún hefur heillað marga, ekki síst Frakka sem koma að Jöklinum til að finna innganginn í iður jarðar.
- *Kristnihald undir Jökli* eftir Halldór Kiljan Laxnes ein þekktasta nútímasaga Íslands sem dregið hefur athygli manna bæði innanlands og utan að Snæfellsnesi.

Ekki má svo gleyma því að hér á Snæfellsnesi eru til margar minjar um útgerðarsögu landsmanna. Hugsanlega geta Snæfellingar kynnt hana betur fyrir ferðamönnum með tengingu við *Íslenska sjávarhætti* eftir Lúðvík Kristjánsson, en Lúðvík gaf safn sitt til Ólafsvíkur.

1.1. Heildarstefna Snæfellsness:

Eftirtaldir þættir móta heildarstefnu Snæfellsness í sjálfbærri ferðaþjónustu og hafa jafnframt áhrif á ímynd og sérstöðu Snæfellsness:

Stefna:

- Snæfellsnes er í fararbroddi í umhverfisstjórnun, stefnumótun og starfi að sjálfbærri ferðaþjónustu. Sveitarfélögin hafa þar forgöngu.
- Snæfellsnes er vottað af Green Globe 21 fyrir umhverfisstjórnun sína og sjálfbæra þróun í nýtingu á náttúruauðlindum svæðisins, þar sem einnig er tekið fullt tillit til efnahagslegra, menningarlegra og félagslegra þátta.
- Snæfellsnes býður upp á vandaða þjónustu, gístaðstöðu og affreyngarmöguleika.
- Snæfellsnes er þekkt fyrir ótrúlegan fjölbreytileika í náttúruferi-landsins, vinsæla áfangastaði, dulmagn svæðisins og kröftugt mannlíf.

Þessu ber að viðtala með öllum ríðum.

1.2. Slagorð Snæfellsness:

Mikilvægt er að Snæfellsnes eigi sér lýsandi slagorð sem greinir í fáum orðum frá sérstöðu svæðisins. (Verið er að vinna að hugmyndum um nýtt slagorð fyrir Snæfellsnes og er þeirri vinnu ekki endanlega lokið)

- Snæfellsnes –
- Snæfellsnes –

1.3. Efling ímyndar:

Allt sem gert er héðan í frá í uppbyggingu ferðaþjónustu og afþreyingar á Snæfellsnesi, svo og í auglýsingum og markaðssetningu þarf að vera í anda þeirrar ímyndar sem nesið stendur fyrir. Vinna þarf að því að skýra og efla ímynd Snæfellsness eins og um vörumerki væri að ræða og kynna það og hampa því hvar sem er. Ímyndinni tengjast svo ýmsir aðrir þættir sem ættu að geta verið atvinnuskapandi fyrir heimamenn eins og t.d. framleiðsla minjagripa.

Stefna:

- Ímynd og sérstaða Snæfellsnes sé skýr og allir íbúar svæðisins leggi sig fram um að kynna hana.
- Sérstök áhersla verði lögð á að efla uppbyggingu Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls sem er stór hluti af ímynd nessins.
- Minjagripir sem tengjast ímynd og sérstöðu Snæfellsness eru framleiddir í heimabyggð.
- Öll vörubrúun byggir á samþykktri ímynd Snæfellsness.

• Þrú hvert vord: blás.5 til kynningu á nesi í höfuðstöðum

2 Umhverfismál

Lykilatriði:

- Sveitarfélögin fylgja eftir reglum og samþykktum er varða umhverfismál
- Sjálfbær ferðaþjónusta
- Sjálfbært samfélag
- Þolmarkarannsóknir og nákvæm eftirfylgni þolmarka
- Stofnun Umhverfissjóðs Snæfellsness og árleg umhverfisverðlaun
- Vistvæn orkunotkun

Kannanir sýna að 80-90% ferðamanna sem koma til landsins koma til að njóta náttúrunnar. Íslensk ferðaþjónusta byggir því að langmestu leyti á náttúru landsins og er Snæfellsnes þar engin undantekning. Nauðsynlegt er því að gera stóratök á næstu árum á Snæfellsnesi til þess að undirbúa ferðamannastaði undir það aukna álag sem fylgir heimsóknum ferðamanna, en spár Ferðamálaráðs árið 2003 gera ráð fyrir allt að 70% aukningu ferðamanna á næstu 5-10 árum. ?

Sjálfbær ferðaþjónusta byggist einmitt á því að undirbúa og skipuleggja landið fyrir væntanlega komu ferðamanna m.a. með því að skilgreina helstu ferðamannastaði og bæta aðgengi og aðkomu að þeim og leggja göngustíga til að stýra umferð ferðamanna um svæðið.

2.1. Ferðaþjónusta:

Sem atvinnugrein byggir ferðaþjónusta afkomu sína á náttúrunni og umhverfinu. Fæstir ferðamenn koma bara til að gista á hóteli eða borða mat, þótt sú upplifun sé hluti af ferðalaginu og nauðsynleg svo ferðamenn geti notið náttúru og afþreyingar á áfangastöðum sínum. Þjónustan og náttúran fara því hönd í hönd.

Á sama hátt og fáir vilja heimsækja þreyttan og lúinn gisti- eða matsölustað, eru fáir sem vilja heimsækja þreyttan og lúinn ferðamannastað. Því er það undirstöðuatriði fyrir uppbyggingu atvinnugreinarinnar á Snæfellsnesi að stuðlað sé að sjálfbærri ferðaþjónustu þar sem fullt tillit er tekið til langtímasjónarmiða í skipulagningu og nýtingu helstu áningastaða. Með slík markmið að leiðarljósi er tryggt að ferðaþjónustu verði hægt að stunda hér um ókomin ár, án þess að Snæfellsnes tapi þeim náttúrulegu gæðum sem það nú býr yfir.

Stefna:

- Öll ferðaþjónusta á Snæfellsnesi verði stunduð í anda sjálfbærrar þróunar þar sem fullt tillit er tekið til umhverfisverndandi langtímasjónarmiða í nýtingu landsins.
- Hvatt verði til sjálfbærs rekstrarforms hjá ferðaþjónustu- og afþreyingar fyrirtækjum á Snæfellsnesi.
- Á Snæfellsnesi verði að finna vandaða umhverfissvæna afþreyingu fyrir börn, þar sem kennd er góð umgengni og virðing fyrir náttúrunni, þ.m.t. dýrum.

- Ferðaþjónusta á Snæfellsnesi verði stunduð í fullkominni sátt milli þeirra sem að henni standa og annarra íbúa svæðisins. Allir íbúar geri sér grein fyrir mikilvægi atvinnugreinarinnar, kostum hennar og göllum. \$ 421
- Allar ferðaskrifstofur sem skipuleggja ferðir á Snæfellsnesi fái upplýsingar um stefnu sveitarfélaganna á Snæfellsnesi í sjálfbærri ferðaþjónustu, svo og óskir um að skipulagning á ferðum þeirra taki tillit til stefnu sveitarfélaganna.
- Öll ferðaþjónustufyrirtæki á Snæfellsnesi starfi eftir umhverfisstefnu og leiti árlega eftir vottun á framkvæmd hennar. Er það í samræmi við ímynd Snæfellsness sem vottað er af Green Globe 21.

2.2. Gjaldtaka:

Hugmyndir um gjaldtöku við ferðamannastaði hafa verið ræddar fram og aftur hér á landi undanfarin ár. Eftir umfjöllun um gjaldtöku við Þjóðgarðinn Snæfellsjökul var komist að þeirri niðurstöðu að gjaldtaka þar yrði að öllum líkindum of fjárfrek í framkvæmd til að teljast fýsileg. Önnur gjaldtaka við ferðamannastaði á Snæfellsnesi lýtur sama lögmáli. Hins vegar er ljóst að finna þarf fjármögnunarleið til að fylgja eftir stefnumótun Snæfellsness í sjálfbærri ferðaþjónustu. Þarf hún að gera ráð fyrir því að ferðamaðurinn sem á leið um svæðið geti lagt verkefninu lið. Því er lagt til að stofnaður verði Umhverfissjóður Snæfellsness. Auk framlaga frá sveitastjórnnum og ferðamönnum mætti meðal annars afla tekna fyrir sjóðinn með árlegu styrktarframlagi frá einstaklingum og fyrirtækjum. Söfnunarkassar Umhverfissjóðs Snæfellsness myndu standa frammi í öllum ferðaþjónustufyrirtækjum á Snæfellsnesi svo þeir væru aðgengilegir ferðamönnum. Með upplýsingum um starfsemi sjóðsins gæti ferðamaðurinn séð hvað áætlað væri að gera fyrir styrktaframlag hans. Að auki mætti, þegar fram í sækti, veita upplýsingar um þau verkefni sem sjóðurinn hefði þegar staðið að.

Stefna:

- Héraðsnefnd Snæfellinga stofni Umhverfissjóð Snæfellsness og setji reglur um starfsemi sjóðsins og verksvið hans.
- Sjóðurinn njóti árlegs fjárframlags frá Héraðsnefnd Snæfellinga. Aðrar tekjur sjóðsins komi í gegnum sérstakar fjáröflunarleiðir.
- Umhverfissjóður Snæfellsnes vinni eftir sérstakri framkvæmdaáætlun sem tekur mið af stefnumótun sjálfberrar ferðaþjónustu á Snæfellsnesi.
- Sérstakur sjálfbóðaliðahópur starfi á vegum Umhverfissjóðs Snæfellsness og taki að sér ýmis verkefni á vegum sjóðsins.
- Umhverfissjóður Snæfellsness vinni í náinni samvinnu við Ferðamála- og markaðsráð Snæfellsness og sitji fulltrúi Ferðamála- og markaðsráðs í stjórn sjóðsins.

2.3. Orkunýting:

Endurnýjanlegar orkulindir ættu að vera aðalsmerki Snæfellsness. Á Snæfellsnesi mætti til dæmis koma á fót eða taka þátt í rannsóknar- og þróunarverkefnum sem lytu að tilraunum með umhverfisvæna orkugjafa. Myndi slík þróunarvinna ekki einvörðungu skila af sér árangri fyrir Snæfellsnes heldur ótal önnur samfélög, bæði hér á landi og erlendis.

Stefna:

- Lögð verði áhersla á vistvæna orkunotkun á Snæfellsnesi og stjórnvöldum gerð grein fyrir óskum sveitastjórna þar að lútandi.
- Sveitarfélög á Snæfellsnesi kanni möguleika á þátttöku í þróunarverkefnum sem lúta að umhverfissvænum orkugjöfum.

2.4. Skipulagsmál:

Stefna sveitarfélagana á Snæfellsnesi í skipulagsmálum er ákaflega þýðingarmikil þegar kemur að frekari uppbyggingu í tengslum við ferðaþjónustu. Á Snæfellsnesi er stutt milli fjalls og fjöru, víðsýni mikið og því eru mannvirki mjög áberandi í náttúru svæðisins. Mikilvægt er því að hafa skýra stefnu í skipulagsmálum sem tekur tillit til þessara þátta, þ.e. samspils náttúrunnar og aðstöðu til þjónustuframboðs. Margra hæða hótélbyggingar myndu stinga mjög í stúf við umhverfið og þótt enginn hafi beðið um leyfi til slíkra bygginga enn sem komið er, þarf að huga að stefnu í þeim málum hið fyrsta. Lágreistar byggingar sem falla vel að landslaginu og mynda skjól fyrir veðrum og vindum skapa að öllum líkindum skemmtilegri heildarsvip á Snæfellsnesi, en háar og áberandi byggingar. Að auki þarf að huga að því að hönnun, uppbygging og rekstur bygginga sé í samræmi við sjálfbæra þróun.

Stefna:

- Svæðisskipulag, aðalskipulag, deiliskipulag og byggingaskilmálar sveitarfélaga á Snæfellsnesi verði í anda sjálfbærrar þróunar (sbr. Staðardagskrá 21) og taki tillit til umhverfisáhrifa, bæði hvað varðar uppbyggingu, rekstur og viðhald bygginga.
- Sveitarfélögin taki tillit til þarfa og áhrifa ferðaþjónustunnar við stefnumótun í skipulags- og umhverfismálum, bæði hvað varðar viðkomu- og dvalarstaði ferðamanna í þéttbýli og dreifbýli á Snæfellsnesi.
- Sveitarfélögin taki ákvörðun um að hvergi á Snæfellsnesi megi reisa háhýsi. Hæð bygginga verði takmörkuð við t.d. þrjár hæðir með venjulegri lofthæð.
- Upprunalegt náttúrufar verði endurheimt þar sem þess er kostur, t.d. með túnnum sem hætt er að nota.
- Gerð verði áætlun um svæðisvernd sérstakra sögu- og náttúrusvæða á Snæfellsnesi.
- Kortlagt verði það votlendi sem endurheimta má á Snæfellsnesi. Skipulega verði síðan unnið að endurheimtingu þess.
- Settar verði upp veggirðingar meðfram öllum aðalvegum á Snæfellsnesi til að aðskilja sauðfé og umferð.

2.5. Sjálfbært samfélag:

Öll sveitarfélög á Snæfellsnesi byggja starfsemi sína á Staðardagskrá 21, en staðlar Green Globe 21 eru jafnframt byggðir á henni. Þessi framsækna vinna sveitarfélaganna leggur grunninn að samfélagi þar sem sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi. Vel er búið að íbúum sveitarfélaganna og sveitarfélögin hafa það á stefnuskrá sinni að leitast við að nýta vinnuafli, vörur og þjónustu á Snæfellsnesi.

Jafnframt stuðla sveitarfélögin á Snæfellsnesi að ábyrgri þátttöku og bættri frammistöðu fyrirtækja, einstaklinga, samtaka, stofnana og stjórnvalda í öllu því sem lýtur að sjálfbærri þróun svæðisins, með sérstaka áherslu á lykilhutverk ferðaþjónustu hvað þetta varðar.

Þar sem sveitarfélög á Snæfellsnesi eru í forystu hvað varðar starf og stefnu í sjálfbærri ferðaþjónustu er gert ráð fyrir því að þau nýti sér þá aðstöðu á ýmsan hátt. Tilvalið væri að sveitarfélögin á Snæfellsnesi veittu árlega umhverfisverðlaun til fyrirtækja og/eða einstaklinga á Snæfellsnesi sem hefðu virka umhverfisstjórnunarstefnu. Verðlaunin væru sérhönnuð, t.d. meðfærileg útfærsla af Jöklinum eða Snæfellsásnum sjálfum. Gripur sem myndi sóma sér vel í anddyri fyrirtækja eða stofnana. Verðlaunin mætti veita á sérstökum umhverfisdegi, t.d. þeim degi sem vottun fengist frá Green Globe 21. Samtímis væri kjörið fyrir sveitarfélögin að standa að umhverfisráðstefnu einhvers staðar á nesinu. Til slíkrar ráðstefnu mætti bjóða 2-3 fyrirlesurum, þar af einum erlendis frá. Með tímanum væri hægt að safna upp þekktum nöfnum úr alþjóðlega geiranum, þannig að það þætti slægur í því að fá að taka þátt í umhverfisráðstefnu í fyrstu sveitarfélögunum á norðurhveli jarðar sem fengju vottun Green Globe 21. Metnaður sveitarfélaganna fælist þá ekki einungis í því að vera best á nesinu eða best á Íslandi, heldur best þótt víðar væri leitað.

Stefna:

- Sveitarfélögin á Snæfellsnesi starfi í anda sjálfbærrar þróunar og vinni að skynsamlegri langtímanýtingu á gæðum náttúrunnar. Sjálfbærnistefna sveitarfélaganna taki tillit til efnahagslegra, menningarlegra og félagslegra þátta, ekki síður en til verndunar og friðunar náttúrufars.
- Starf sveitarfélaganna að Staðardagskrá 21 verði öflugt og til hagsbóta fyrir þau og íbúa þess.
- Sveitarfélögin starfi samkvæmt ákveðinni umhverfisstefnu og fái árlega vottun á umhverfisstjórnun sína frá Green Globe 21.
- Snæfellsnes verði lýsandi dæmi um góða stjórnun í umhverfismálum.
- Sveitarfélögin hvetji íbúa sína til að hugsa vel um eignir sínar, lóðir og jarðir og gangi sjálf á undan með góðu fordæmi.
- Sveitarfélögin stuðli að uppbyggingu á sjálfbærri starfsemi í þjónustu og rekstri fyrirtækja.
- Sveitarfélögin losi sig við gamalt brotajárn og skipuleggi í framhaldi af því reglubundna losun brotajárns.
- Sveitarfélögin standi að því á hverju vori að hreinsa fjörur á Snæfellsnesi.
- Gerð verði áætlun um verndun á jarðfræðilega áhugaverðum fyrirbærum á Snæfellsnesi.
- Gerð verði áætlun um verndun á vistkerfi og búsetusvæði plantna og dýra á Snæfellsnesi.
- Sveitarfélög á Snæfellsnesi stuðli að því að fyrirtæki og stofnanir setji upp merkingar sem hvetji íbúa til að skilja ekki ökutæki eftir í lausangangi
- Veitt verði árlega verðlaun til fyrirtækja á Snæfellsnesi sem hafa virka umhverfisstjórnunarstefnu.
- Umhverfisráðstefna verði árlega haldin á Snæfellsnesi.

2.6. Þolmörk:

Hér á landi hófust rannsóknir á þolmörkum áfangastaða ferðaþjónustunnar með frumkönnun á Snæfellsnesi. Gáfu þær rannsóknir til kynna að flestir þættir ferðaþjónustu á svæðinu væru enn vel undir þolmörkum. Hins vegar var gert ráð fyrir því að væri ekkert að gert myndu þeir vera komnir ca 10% yfir þolmörk árið 2015. Þar sem sveitarfélögin eru nú að móta sér stefnu í sjálfbærri ferðaþjónustu eru þau í raun að líta langt til framtíðar. Þannig undirbúa þau alla þætti samfélagsins undir móttöku á þeim aukna fjölda ferðamanna sem vænta má til Snæfellsness í náinni framtíð. Ljóst er að staðir innan Snæfellsness eru misjafnlega viðkvæmir fyrir ágangi. Þéttbýliskjarnar á Snæfellsnesi geta tekið á móti mun meiri fjölda ferðamanna, en viðkvæmir staðir utan þéttbýlis. Gróðurfar er líka misviðkvæmt fyrir ágangi eftir árstíma og veðurfari.

Ýmislegt fleira kemur til þegar fjallað er um þolmörk. Röskun getur orðið á búsetusvæðum dýrategunda ef of mikill umgangur ferðamanna eru um þau og breytt venjum fugla sem eru viðkvæmir fyrir áreiti. Mikilvægt er því að fræða ferðamenn um hina viðkvæmu náttúru Snæfellsnes og leggja þar ríka áherslu á fræðslu um fugla eins og erni sem eru í útrýmingarhættu.

Stefna:

- Sveitarfélögin á Snæfellsnesi standi reglulega að þolmarkakönnunum. Árlega verði ákveðin svæði og þættir ferðaþjónustunnar teknir fyrir og kannaðir með tilliti til álags. *Hverskva þolmörk.*
- Gerð verði úttekt á þolmörkum ákveðinna ferðamannastaða á Snæfellsnesi og aðgengi að þeim bætt í samræmi við aðsókn og verndun svæðanna.
- Sveitarfélögin á Snæfellsnesi móti sér áætlun sem gerir ráð fyrir því að fjöldi ferðamanna verði takmarkaður ef í ljós kemur að landið beri skaða af umferð þeirra.
- Fræðsla um viðkvæma náttúru Snæfellsness verði í öllum helstu kynningarritum um svæðið og á vefsíðu þess.
- Sveitarfélögin á Snæfellsnesi sendi árlega grein í tímarit Félags leiðsögumanna og hvetji þá til að tryggja að hópar þeirra sýni sérlega vandaða umgengni á ferð um náttúru Snæfellsness.
- Stuðst verði við kannanir sem Ferðamálaráð gerir um fjölda ferðamanna á Snæfellsnesi og nýttur sá möguleiki að kaupa inn spurningar í þær.

3.2. Leyfisveitingar:

Ýmis starfsemi innan ferðaþjónustu er leyfissskyld. Sum leyfi þarf að sækja um til sveitarstjórna, önnur til sýslumanns og enn önnur til heilbrigðisyfirvalda. Mikilvægt er þeir sem stunda leyfissskylda þjónustu séu með viðeigandi leyfi. Slíkt tryggir öryggi kaupandans.

Stefna:

- Þeir aðilar sem stunda leyfissskylda ferðaþjónustu á Snæfellsnesi verði með viðeigandi leyfi fyrir reksturinn.
- Skýrt skipurit leyfisveitinga til ferðaþjónustunnar verði gert fyrir Snæfellsnes. Í því komi fram hver sjá eigi um hvaða þætti. Eftirlit verði haft með því að ferðaþjónustuaðilar séu með rétt leyfi og því fylgt eftir af viðeigandi aðilum.

- Umsóknarferli ýmissa leyfa til ferðaþjónustunnar verði einfaldað. *til afgreiðslu*
einum stöð

3.3. Merkingar:

Undir gæða- og öryggismál í merkingum falla ýmsar upplýsingar sem tryggja öryggi ferðamanna á vegum úti og aðgengi þeirra að hjálp verði þeir fyrir einhverjum skakkaföllum. Víða erlendis er því svo komið fyrir að þurfi ökumaður aðstoð á vegum úti vegna bilaðs bíls eða annars, þá gefa merkingar meðfram vegunum til kynna í hvora átt beri að leita eftir næstu hjálp. Í ókunu umhverfi geta slíkar upplýsingar skipt sköpum. Meðfram flestum vegum á Snæfellsnesi eru stíkur og mætti hugsanlega hanna einhverjar merkingar á þær í þessu skyni.

Í könnunum sem gerðar hafa verið á Snæfellsnesi hafa erlendir ferðamenn kvartað yfir því að merkingar séu einungis á íslensku. Staðarnöfn halda auðvitað áfram að vera á okkar ágæta tungumáli og Vegagerðin er með fjölda myndmálstákna sem nýtt eru við merkingar. Sérstakar leiðbeiningar eins og þegar um vegavinnu er að ræða þyrftu kannski að vera á einu tungumáli til viðbótar til að tryggja öryggi ferðamanna. Líklegast myndi texti á ensku koma til móts við þarfir flestra.

Stefna:

- Í merkingum á Snæfellsnesi verði notast við alþjóðlegt myndmál.
- Umferðaröryggi verði aukið með upplýsingum/skiltum um vegamál/vegaviðgerðir eða öðrum leiðbeiningum sem lúta að umferð um vegi Snæfellsness á a.m.k. tveimur tungumálum.
- Merkingar meðfram vegum gefi bæði til kynna hversu langt er til næstu mannabústaða og í hvaða átt eigi að fara til að leita nærtækustu hjálpar lendi innlendir eða erlendir ferðamenn í ógöngum.
- Við endamörk á bundnu slitlagi verði góð skilti sem vara ferðamenn við umskiptum yfir á malarveg og hvetji þá til að draga úr hraða. *er þegar*

3.4. Öryggismál:

Nauðsynlegt er talið að til sé neyðaráætlun fyrir allt Snæfellsnes, þar sem metið er hversu lengi sé verið að bregðast við slysum eða öðrum áföllum eftir því hvar þau eigi sér stað. Jafnframt þyrfti að meta hvar setja þyrfti upp neyðarsíma á svæðum á

Snæfellsnesi sem almennt eru utan farsímasambands. Hafa ber í huga að verði eitt alvarlegt slys á Snæfellsnesi getur slíkt atvik haft áhrif á allt svæðið. Í verstu tilvikum gæti það dregið úr aðsókn ferðamanna.

Stefna:

- Gerð verði neyðaráætlun vegna slysa fyrir allt Snæfellsnes og hún kynnt fyrir aðilum innan ferðaþjónustunnar.
- Þeir sem stunda ferðaþjónustu eða reka afþreyingu fyrir ferðamenn á Snæfellsnesi fylgi öllum helstu reglum og lögum um öryggismál í ferðaþjónustu.
- Í öllu kynningarefni um Snæfellsnes verði upplýsingar fyrir erlenda sem innlenda ferðamenn um neyðarnúmer, nærtækustu lækniástoð, viðgerðarverkstæði, upplýsingar um varasöm svæði, öryggismál og umgengisreglur, ásamt hvatningu til að sýna aðgát á ferð um landið.
- Lögð verði áhersla á að sú afþreying sem boðið er upp á á Snæfellsnesi standist ströngustu kröfur um gæði og öryggi.
- Viðkomandi yfirvöld fylgi eftir brotum á öryggisreglum.
- Neyðarsímar verði á fjölförnum stöðum á Snæfellsnesi sem eru utan þjónustusvæðis farsíma.

3.5. Kvartanir:

Í skýrslu Samgönguráðuneytisins, *Íslensk ferðaþjónusta, framtíðarsýn*, er sérstaklega fjallað um þá þörf ferðamannsins að eiga möguleika á að koma kvörtunum sínum á framfæri við rétta aðila. Vegna samstarfs sveitarfélaganna á Snæfellsnesi er talið eðlilegt að þau taki sameiginlega á móti ábendingum og kvörtunum ferðamanna. Af þeim má margt læra og í þeim felst tækifæri til að gera betur. Gert er ráð fyrir að þær kvartanir sem bærust sveitarfélögunum fælu í sér ábendingar sem snúa að ferðamannastöðum almennt. Hugsanlega gæti því ferðamálafulltrúi Vesturlands tekið á móti þeim og safnað saman til úrvinnslu að hausti ár hvert.

Stefna:

- Ferðamenn á Snæfellsnesi fái upplýsingar um það í kynningarbæklingum um svæðið til hvaða aðila þeir geti beint kvörtunum sínum. Upplýsingar um net- og/eða pósthöfund hans verði í öllum bæklingnum undir slagorðinu: *Ef þú ert ánægður láttu aðra vita. Ef þú ert óánægður láttu okkur vita svo við getum bætt okkur.*
- Á hverju hausti verði gerð samantekt á ábendingum ferðamanna. Ferðamála- og markaðsráð Snæfellsness fjallaði um þær og gerði tillögur að úrbótum.